



Geisladiskurinn sem Gunnar Kvaran gef Vinum Indlands eintök af.

Hátíð ljóssins - Diwali

Þar sem fréttabréfið kemur út í byrjun nóvember má geta þess að í síðustu viku var haldin stærsta hátíðin sem haldin er á Indlandi ár hvert. Þetta er hin 5 daga hátíð ljóssins (Divali) sem hefst 26. október n.k. Tilefni hátíðar ljóssins er að fagna sigri hins góða á hinu illa. Það má halda party af minna tilefni.

Fyrsti dagur hátíðarinnar markar upphaf fjárhagsárs margra indverskra fyrirtækja sem miða fjárhagsár sitt við þennan dag. Á öðrum degi hátíðarinnar er fagnað sigri guðsins Krishna og konu hans á hinum vonða. Á þriðja degi er gyðja auðlegðar (Lakshmi) tilbeðin. Á fjórða degi er þess minnst að Bali fór til Patala og stofnaði nýtt konungsríki. Fimmti dagur hátíðarinnar er síðan tileinkaður Yama Dvitya. Á þessum degi bjóða systur bræðrum sínum í heimsókn á heimili sín.

Á meðan á hátíðinni stendur er mikið um ljósadýrð á Indlandi. Menn láta loga á lömpum til þess að minnast sigurs hins góða á hinu illa auk þess sem flugeldum er skotið á loft.

Styrktartónleikar í Salnum 16. nóv 2011

Undanfarin ár hafa Vinir Indlands haldið árlega styrktartónleika. Gunnar Kvaran hefur haft veg og vanda af skipulagningu og undirbúningi tónleikanna. Á undanförunum árum hafa margir af helstu tónlistarmönnum og skáldum þjóðarinnar komið fram á tónleikunum án þess að taka fyrir það greiðslu og hafa þannig styrkt starf Vina Indlands. Í ár verða styrktartónleikarnir haldnir í Salnum í Kópavogi þann 16. nóvember kl. 20:00

Í ár munu eftirfarandi listamenn koma fram á tónleikunum:

§ Stúlknakór Reykjavíkur og Margrét Pálmadóttir stjórnandi

§ Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari og Selma Guðmundsdóttir píanóleikari

§ Auður Gunnarsdóttir sópransöngkona og Jónas Ingimundarson píanóleikari

§ Helga E. Jónsdóttir, Edda Þórarinsdóttir og Friðrik Friðriksson leikarar flytja ljóð og lög á íslensku og táknmáli. Arnar Ægisson, Hjördís Anna Haraldsdóttir, Hulda María Halldórsdóttir og Kolbrún Völkudóttir túlka á táknmáli. Gunnar Haraldsson og Örnólfur Eldon Þórsson leika undir.

§ Guðrún Birgisdóttir og Marshall Nardeau flautuleikarar og Peter Maté píanóleikari

§ Gunnari Kvaran flytur ávarp og leikur á selló

Við hvetjum alla velunnara félagsins að mæta á tónleikana.

Þess má einnig geta að Gunnar Kvaran gaf Vinum Indlands nýverið mörg eintök af geisladisk sem hann og Selma Guðmundsdóttir gáfu út fyrir nokkrum árum. Á geisladisknum spila þau nokkrar af perlum klassískrar tónlistar sem allir ættu að geta haft gaman af. Geisladiskurinn mun verða til sölu hjá Multikúlti auk þess sem hann mun væntanlega einnig verða til sölu á styrktartónleikunum í nóvember.

Vinir Indlands

menningarmiðstöðinni MúltiKúlti

Barónsstíg 3

101 Reykjavík

www.multikulti.is & Vinir Indlands á Facebook



Nokkrir drengir á Thorapadi heimilinu.



Nokkrir drengir á Thorapadi heimilinu.



Ferð til Indlands í ágúst

Í ágúst fóru þrír aðilar frá Íslandi til Indlands í heimsókn á heimili sem rekin eru fyrir fé frá Vinum Indlands. Tilgangur ferðarinnar var m.a. sá að skoða aðstæður og kanna hvort bæta mætti úr einhverjum þáttum. Ferðin gekk mjög vel og var ferðalögunum vel tekið alls staðar.

Þess má t.d. geta að börnin á heimilinu í Salem fengu frí í skólanum til þess að geta farið í lautarferð með íslendingunum. Einnig var vel tekið á móti hópnum á Thorapadi heimilinu. Í Thorapadi kom hins vegar í ljós að ýmis atriði voru ekki í nógu góðu horfi s.s. frágangur byggingarinnar er ennþá ólokið. En þess má geta að byggingin var tekin í notkun á síðasta ári. Indversk stjórnvöld gera ýmsar kröfur sem munaðarleysingjaheimili verða að uppfylla. Thorapadi heimilið uppfyllir ekki allar kröfurnar ennþá en það horfir nú allt til bóta.

Endurbætur í Thorapadi

Í framhald af heimsókninni til Indlands núna í ágúst ákvað stjórn félagsins að þörf væri á sérstöku framlagi til heimilisins til þess að gera við ákveðna hluti sem þurfti lagfæringa við á heimilinu. En nokkuð vantar uppá að frágangi sé lokið við heimilið en það var tekið í notkun á síðasta ári. Svo ánægjulega vildi til að félagið fékk styrk frá fyrirtæki hér á landi sem mun ganga langt með að kosta framkvæmdirnar við endurbæturnar.

Ferðir sjálfbóðaliða til Indlands

Í janúar ár hvert hafa farið sjálfbóðaliðar frá Íslandi til Indlands og hjálpað til á munaðarleysingjaheimilum sem rekin eru fyrir fé frá þeim sem styrkt hafa starf Vina Indlands. Það hefur verið venjan að dvelja í Indlandi í 1 mánuð. En eftir það hafa sjálfbóðaliðarnir farið til Kenía og unnið í annan mánuð á heimilum sem tengjast Vinum Kenía. Í janúar n.k. mun 9 sjálfbóðaliðar fara til Indlands og Kenía og hefur þessi hópur sótt undirbúningsnámskeið til þess að vera betur í stakk búin til þess að takast á við viðfangsefnið.

Til viðbótar hefðbundum ferðum sjálfbóðaliða þá mun einn sjálfbóðaliði fara til 3 mánaðar starfa á heimilið í Thorapadi til þess að styrkja starfið þar. Um er að ræða íslenskan hjúkrunarfræðing Benedikta Guðrún sem hefur reynslu af þróunarsamvinnu sem þessari og hefur m.a. unnið sem sjálfbóðaliði í Malavi. Þetta er í fyrsta skipti sem sjálfbóðaliði fer til lengri dvalar á Indlandi en til eins mánaðar.

Föstudaginn 4. nóvember n.k. kl. 19:30 munu Vinir Indlands halda styrktarkvöldverð að Barónsstíg 3. í boði verður indverskur matur. Á meðan á borðhaldi stendur mun Eygló sýna myndir frá ferðinni til Indlands núna í ágúst sl. Tekjur af styrktarkvöldverðinum munu renna til þess að styðja við ferð Benediktu til Thorapadi.

Aðalfundur Vina Indlands

Rétt er að minna á að aðalfundur Vina Indlands verður haldin laugardaginn 5. nóvember n.k. kl. 14:00 að Barónsstíg 3, 101 Reykjavík. Venjuleg aðalfundarstörf. Velunnarar félagsins eru velkomnir á fundinn á meðan húsrúm leyfir.